

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 550/2012, um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku.

1. gr.

Í stað 3. málsli. 4. mgr. 6. gr. kemur nýr málsliður sem hljóðar svo: Í tilfalli dreifiveitu skal miða við álag ofan á ríkistryggða vexti byggða á bestu lánshæfiseinkunn AAA eða sambærilegt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. október 2014.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Erla Sigríður Gestsdóttir.